

Starfsáætlun Salaskóla 2016-2017



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Inngangur.....	5
Um Salaskóla	5
<i>Hnetulaus Salaskóli</i>	5
Stefna Salaskóla	6
Skipulag.....	7
Stjórnun	7
Samstarfsteymi.....	7
Skipulag og stundaskrá	7
Starfsmenn skólans.....	7
Skóladagatal	10
Kennsluaðstaða	11
Kennsla og fagleg mál.....	11
Skólabragur.....	11
Kennslutími.....	11
List- og verkgreinakennsla	12
Val og þemavinna	12
Útikennsla.....	13
Sérkennsla	13
Kennsluáætlanir.....	13
Uppeldi til ábyrgðar	13
Námsmat	14
Heimanámsstefna Salaskóla	14
Heimanám - Yngsta stig.....	14
Heimanám - Miðstig	15
Heimanám - Unglingastig	15
Þróunarstarf.....	15
Byrjendalæsi	15
Upplýsingatækni	16
Nýsköpun og frumkvöðlamennt.....	16
GERT	16
Heilsueflandi grunnskóli	16
UNESCO – skólar.....	16

Skólar á grænni grein.....	16
Foreldrasamstarf	17
Skólaráð	17
Foreldrafélag	17
Samskipti heimila og skóla.....	18
Ef foreldri þarf að ná sambandi við kennara:	19
Tölvupóstur til kennara	19
Hvenær á að hringja?	19
Tölvupóstur í samskiptum heimila og skóla	19
Mat á skólastarfi	21
Áherslur í innra mati skólaárið 2016-2017	21
Stoðþjónusta	22
Nemendavernd.....	22
Skólaheilsugæsla	22
Reglubundnar skoðanir og bólusetningar	22
Fræðsla / heilbrigðishvatning / forvarnir	23
Tannvernd.....	23
Forvarnaráætlun Salaskóla	23
Símenntun starfsmanna	24
Byrjendalæsi og læsi til náms	24
Skyndihjálp	24
Skólaheimsóknir, ráðstefnur	24
Uppbyggingarstefna	24
Upplýsingatækni	24
ADHD	24
Skólareglur.....	25
Ástundun í unglingadeild.....	27
Hagnýtar upplýsingar.....	28
Leyfi	28
Forföll nemenda	28
Veikindi kennara.....	28
Mötuneyti og nesti	28
Samstarf við leikskóla	28
Mætið á réttum tíma.....	28
Gangið í skólann	28
Tölvunotkun.....	29

Óskilamunir.....	29
Hjól og hjólabretti.....	29
Slys og veikindi.....	29
Lyfjagjafir	29
Röskun á skólastarfi vegna óveðurs	29
Umhverfismál	30
Útivist.....	30
Ferðalög.....	30
Gátlistar - Innkaupalistar	30
Gróðursetning.....	30
Fjölgreindaleikar.....	30
Bekkjarnöfn	31
Jólahefðir Salaskóla	31
Val nemenda í 8.-10.bekk.....	31
Tómstundir	32
Dægradvöl og klúbbastarf	32
Skólakór	32
Tónlistarskólar	32
Skák.....	32
Félagsstarf nemenda	32
Viðbragðsáætlun Salaskóla vegna influensufaraldurs.....	33
Rýmingaráætlun	33
Viðbrögð við óveðri	34
Móttökuáætlun	34
Móttaka 1. bekkinga.....	34
Móttaka nemenda sem eru að skipta um skóla	34
Nemendur með annað móðurmál en íslensku	35

Inngangur

Starfsáætlun Salaskóla 2016-2017 er upplýsingarit um starfsemi Salaskóla á skólaárinu. Hér er um að ræða yfirlit yfir helstu viðburði sem og áherslur og markmið í skólastarfinu í vetur. Einnig er hér að finna þær venjur, siði og reglur sem ríkja í skólanum.

Salaskóli 2016-2017

Heimilisfang: Versalir 5, 201 Kópavogur

Sími: 441 3200

Sími í dægradvöl: 441 3225

Sími í félagsmiðstöð: 441 3224/6961627

Netfang: salaskoli@kopavogur.is

Heimasíða: <http://salaskoli.is>

[Salaskóli á Facebook](#)

Skólastjóri: Hafsteinn Karlsson

Aðstoðarskólastjóri: Hrefna Karlsdóttir

Deildarstjóri: Hulda Björnsdóttir

Ritari: Ásdís Sigurjónsdóttir

Húsvörður: Magnús Halldórsson

Fjöldi nemenda: 590

Fjöldi starfsmanna: 85

Skrifstofa skólans er opin mánudaga til föstudaga frá kl. 7:45 – 15:30

Um Salaskóla

Salaskóli tók til starfa í sumarlok 2001. Skólinn er í Salahverfi, í Leirdal, sem liggur norðan við Rjúpnahæð og sunnan við Seljahverfi í Reykjavík. Skólaárið 2016-2017 verða nemendur um 590 í 1.-10. bekk í 26 bekkjardeildum.

Skólinn býr við góða aðstöðu, þó vissulega sé farið að þrengja verulega að starfseminni vegna fjölgunar nemenda. Húsnæði skólans er hlýlegt og gott og skólinn er vel búinn kennslugögnum og tækjum. Við hlið skólans er íþróttamiðstöðin Versalir og þar eru íþróttasalir og sundlaugar sem skólinn hefur afnot af. Tvær lausar kennslustofur eru á lóð skólans og er það til að mæta þeim fjölda sem er í skólanum um þessar mundir.

Umhverfi skólans er fjölbreytt og gefur mikla möguleika til fjölbreyttrar kennslu. Skammt frá skólanum eru frábær útivistarsvæði. Fremur stutt er í bæði Elliðavatn og Vífilsstaðavatn og í næsta nágrenni skólans er kirkjugarður og golfvöllur. Skólalóðin er hönnuð m.a. með tilliti til útikennslu og nú er verið að fríska talsvert upp á hana. Hún er fjölbreytt, með völlum og leiktækjum. Skammt frá skólanum er útikennslustofan okkar, Rjúpnalundur.

Hnetulaus Salaskóli

Í Salaskóla eru nokkur börn með svæsið hnetuofnæmi. Salaskóli er því hnetulaus skóli. Hnetur geta valdið mjög slæmu ofnæmi hjá sumum nemendum okkar og viljum við því biðja alla að passa sérstaklega upp á að koma ekki með hnetur í skólann. Athugið að hnetur geta verið í brauðum, kökum, sælgæti og jógúrtum. Lesið innihaldslýsingar Hnetur mega alls ekki koma inn fyrir veggj skólans.

Stefna Salaskóla



Virðing, samstarf, vinátta eru einkunnarorð Salaskóla og þau hugtök sem grundvalla allt skólastarf skólans. Þau koma m.a. fram í skólasöngnum okkar.

Merki skólans er þrískipt og táknar þrjú aldurstig grunnskólans. Gulu hendurnar mynda hús og eru tákn fyrir yngsta stig skólans. Húsið táknar þá umhyggju. Rauðu hendurnar mynda epli sem tákn fyrir miðstig skólans. Eplið vísar til vaxtar, þroska. Bláu hendurnar mynda fugl og eru þær tákn fyrir unglingastigið. Fuglinn táknar sjálfstæði.

Salaskóli eru framsækinn skóli sem byggir starf sitt og þróun á reynslu og rannsóknum. Nemendur og hagsmunir þeirra eru ávallt í fyrsta sæti, en markmið skólans er að gera nemendur að góðum og nýtum þegnum þessa lands. Nemendur byggja hér upp sjálfstraust og sjálfsga sem nýtist þeim í hvers kyns aðstæðum seinna meir. Helstu áhersluatriði Salaskóla eru:

Áhersla á einstaklinginn: Við leggjum mikla áherslu á að hver nemandi er einstaklingur sem á sínar sterku hliðar. Allir nemendur eiga að fá frelsi til að njóta sín sem einstaklingur sem og í hóp.

Umhverfismál: Salaskóli er „grænn skóli“ og hefur hlotið verðlaunin Grænfánann nokkrum sinnum. Við erum stolt af þeim skrefum sem við höfum tekið í verndum umhverfisins og hvetjum nemendur jafnt sem foreldra að taka þátt í því starfi. Til að mynda hafa foreldrar, nemendur og starfsfólk skólans gert með sér umhverfissáttmála. Við flokkum rusl, spörum orku og notum ekki einnota drykkjarumbúðir.

Strákar og stelpur: Starfsfólk skólans leggur mikla áherslu á að bæði kynin fái að njóta sín á jafnréttisgrundvelli. Þetta gerum við með því að skapa strákum og stelpum aðstæður þar sem ólíkar þarfir þeirra fá að njóta sín. Stelpur þurfa að fá rými til þess að verða hugrakkari, taka meira rými og verða líkamlega virkari. Strákar þurfa oft aðstæður þar sem þeir geta látið umhyggju í ljós sem og að læra að virða mörk og reglur.

Heilbrigði, hreyfing og hollusta: Við temjum okkur heilbrigði og holla lífshættir. Markviss áhersla er lögð á útivist og fjölbreytt íþróttastarf.

Siðfræði og góð framkoma: Starfsfólk skólans leggur mikla áherslu á að kenna nemendum að rækta með sér góð gildi sem allir í siðmenntuðu samfélagi þurfa að rækta með sér. Mikilvægt er að nemendur temji sér góða framkomu, virðingu í garð annarra og góð vinnubrögð.

Heimili og skóli: Við teljum einkar mikilvægt að samstarf skóla og foreldra sé gott. Til þess að það geti orðið er mikilvægt að aðgengi að upplýsingum sé gott. Einnig eiga foreldrar að fá tækifæri til þess að hafa mótandi áhrif á skólastarfið allt.

Skipulag

Stjórnun

Skólastjóri er Hafsteinn Karlsson. Hann er forstöðumaður skólans og ber ábyrgð á starfi hans gagnvart sveitarstjórn. Aðstoðarskólastjóri er Hrefna Björk Karlsdóttir og Hulda Björnsdóttir er deildarstjóri. Í sameiningu veita þau skólanum faglega forystu og skipta með sér verkum við stjórn skólans.

Samstarfsteymi

Innan Salaskóla eru nokkur samstarfsteymi. Kennarar hvers árgangs eiga með sér mikið samstarf, en auk þess mynda kennarar í 1.-2. bekk teymi, kennarar í 3. – 4. bekk annað, kennarar 5.-6. bekkjar það þriðja og kennarar í 7. – 10. bekk það fjórða. Auk þess eru smiðjukennarar með sérstakt samstarfsteymi sem og sérkennarar. Í hverju teymi eru einnig aðrir kennarar sem að kennslu hópanna koma hverju sinni. Þar er jafnframt sérkennari sem sinnir kennslu í þeim hópum sem um ræðir. Sá sérkennari skipuleggur sérkennslu í samvinnu við kennara teymisins.

Skipulag og stundaskrá

Skipulag og kennsluhættir Salaskóla markast af stefnu og markmiðum skólans. Áhersla er á einstaklingsmiðað nám sem og að koma til móts við þarfir, áhuga og getu hvers og eins. Tímafjöldi nemenda í hverjum árgangi og í hverri námsgrein er í samræmi við viðmiðunarstundaskrá menntamálaráðuneytisins. Til að auka sveigjanleika og fjölbreytni í skólastarfinu er nauðsynlegt að stundaskráin geti verið breytileg, en sá tími sem nemendur eru í skólanum á degi hverjum er sá sami.

Starfsmenn skólans

Nafn	Starfssvið
Agnes Þorleifsdóttir	Smíðakennari
Agnieszka Serewis	Skólaliði
Anita Batista Fernandes	Skólaliði
Aníta Ýr Eypórsdóttir	Umsjónarkennari í 6. bekk
Anna Katrín Eiríksdóttir	Sérkennari
Auðbjörg Sigurðardóttir	Yfirmaður dægradvalar
Auður Kristín Ebenezerdóttir	Íþróttakennari
Álfhildur Eiríksdóttir	Námsráðgjafi
Ásdís Rún Ólafsdóttir	Dægradvöl / stuðningur
Ásdís Sigurjónsdóttir	Skólaritari
Ásgerður Helga Guðmundsdóttir	Umsjónarkennari í 9.bekk
Berglind Þyrí Finnbogadóttir	Umsjónarkennari í 5. bekk
Birgir Þór Jóhannsson	Stuðningsfulltrúi
Bryndís Fjóra Jóhannsdóttir	Hjúkrunarfræðingur
Brynja Björk Arnardóttir	Fæðingarorlof
Dagbjört Kristinsdóttir	Umsjónarkennari í 1. bekk
Darri McMahon	Forfallakennari
Elísabet M. Sigfúsdóttir	Umsjónarkennari í 1. bekk
Fatmir Bajramaj	Skólaliði
Fjóra Kristín Nikulásdóttir	Kennari/söngleikjastjóri / skólakór
Gígja Jónsdóttir	Sérkennari

Guðbjörg Hinriksdóttir	Matráður
Guðbjörg Tryggvadóttir	Umsjónarkennari í 6. bekk
Guðlaug Björk Eiríksdóttir	Þroskaþjálfari
Guðrún Erla Einarsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Guðrún Lára Halldórsdóttir	Myndlistakennari
Hafsteinn Karlsson	Skólastjóri
Hanna Björg Harðardóttir	Umsjónarkennari 4. bekk
Helena Ósk Ingjaldsdóttir	Dægradvöl
Helga Á. Thorlacius	Forfallakennari
Helga Egilsdóttir	Umsjónarkennari 4. bekk
Helga Kristjánsdóttir	Umsjónarkennari 1. bekk
Hólmfríður Jóna Bragadóttir	Sérkennari
Hrafnhildur Georgsdóttir	Umsjónarkennari í 7. bekk
Hrefna Björk Karlsdóttir	Aðstoðarskólastjóri
Hulda Björnsdóttir	Deildarstjóri
Hulda Gunnlaugsdóttir	Dægradvöl
Ísak Guðmannsson Levy	Íþróttakennari
Jóhann Ingi Jóhannsson	Íþróttakennari
Jóhanna Björk Daðadóttir	Umsjónarkennari í 9. bekk / danska
Jóhanna Pálsdóttir	Umsjónarkennari í 8. bekk / náttúrufræði
Jónína Þórunn Erlendsdóttir	Hjúkrunarfræðingur
Katarzyna Sylwia Kogut	Mötuneyti
Klara Björnsdóttir	Matreiðslumaður
Kolbrún Grétarsdóttir	Dægradvöl
Kristín Einarsdóttir	Stundakennari
Laufey Benediktsdóttir	Umsjónarkennari í 2. bekk
Lilja Björk Baldvinsdóttir	Umsjónarkennari í 3. bekk
Lilja Björk Hjálmarsdóttir	Skólaliði
Logi Guðmundsson	Verkefnisstjóri upplýsingatækni / samf.fr.
Magnús Halldórsson	Húsvörður
Marco Flávio Costa E. Silva	Skólaliði
Margrét Sveinsdóttir	Sérkennslustjóri
Margrét Jóna Þórhallsdóttir	Forfallakennari
Marit Guðnadóttir	Umsjónarkennari í 4. bekk
María Helga Gunnarsdóttir	Textil / enska og náttúrfr. í 7. bekk
Ólafía Guðfinna Pálsdóttir	Dægradvöl
Óli Örn Atlason	Forstöðumaður Föni
Ólöf Eik Brekkan	Skólaliði
Pálína Þorgilsdóttir	Umsjónarkennari í 2. bekk
Ragnheiður Haraldsdóttir	Tónmenntakennari
Ragnheiður Magnúsdóttir	Umsjónarkennari í 7. bekk / stærðfræði
Rakel Magnúsdóttir	Umsjónarkennari í 5. bekk
Rannveig Kristjánsdóttir	Umsjónarkennari í 10. bekk / ísl. / dan
Rúnar Þór Bjarnason	Umsjónarkennari í 10. bekk / enska
Sandra Rut Steinarsdóttir	Skólaliði / dægradvöl
Sif Hauksdóttir	Þroskaþjálfari
Sif Stanleysdóttir	Umsjónarkennari í 3. bekk

Sigríður Anna Kristinsdóttir	Skólaliði
Sigríður Bragadóttir	Sérkennari
Sigríður Gylfadóttir	Umsjónarkennari í 1. bekk
Sigrún Pálsdóttir	Skólaliði / dægradvöl
Sigurbjörg Eyjólfsdóttir	Verkefnastjóri
Sigurlaug R. Friðþjófsdóttir	Umsjónarkennari í 7. bekk
Sólveig Ásta Guðmundsdóttir	Umsjónarkennari í 2. bekk
Stefanía Lilja Óladóttir	Starfsmaður á bókasafni
Steinunn Þorleifsdóttir	Textíl
Stella Aradóttir	Umsjónarkennari í 5. bekk
Sunna Guðný Sverrisdóttir	Dægradvöl
Svava Sigríður Svavarsdóttir	Heimilisfræði
Sædís Steingrímsdóttir	Stuðningsfulltrúi
Valgerður Björnsdóttir	Umsjónarkennari í 8. bekk / íslenska
Þorbjörg Hanna Ögmundsdóttir	Þroskajálfi
Þorkell Ragnar Grétarsson	Dægradvöl
Þorvaldur Hermannsson	Umsjónarkennari í 6. bekk
Þórdís Heiða Kristjánsdóttir	Tónmennt
Þórhildur Rún Guðmundsdóttir	Sérkennari
Þórunn Guðrún Einarsdóttir	Þroskajálfi

Skóladagatal

Skóladagatal Salaskóla er unnið skv. lögum og reglugerðum. Á því koma fram helstu viðburðir skólaársins. Skipulagsdagar á þessu skólaári eiga að vera samræmdir við skipulagsdaga í leik- og grunnskólum í nágrenninu. Skóladagar nemenda eru 180 og af þeim eru 6 sem víkja frá stundaskrá. Þeir eru auðkenndir með gulum lit á skóladagatali. Fyrir utan þessa 180 daga eru 5 skipulagsdagar á skólaárinu. Þá daga vinna kennarar að skipulagi, áætlunargerð, stefnumótun og mati á skólastarfinu. Skóladagatal Salaskóla má nálgast á vef skólans. Hér að neðan ber þó að líta mikilvægar dagsetningar.

Mánuður	Dagst.	Viðburðir
Ágúst	22.	Skólasetning – styttri skóladagur
Ágúst	23.	Kennsla hefst skv. stundaskrá
September	22.	Samræmt próf í íslensku - 7. bekkur
September	23.	Samræmt próf í stærðfræði - 7. bekkur
September	29.	Samræmt próf í íslensku - 4. bekkur
September	30.	Samræmt próf í stærðfræði - 4. bekkur
Október	5.- 6.	Fjölgreindaleikar
Október	7.	Skipulagsdagur kennara – dægradvöl lokuð
Október	13.	Foreldraviðtöl
Október	27.-28.	Vetrarleyfi
Nóvember	21.	Skipulagsdagur kennara
Desember	20.	Litlu jól – styttri skóladagur
Desember	21.	jólafrí hefst
Janúar	3.	Skipulagsdagur kennara
Janúar	19.	Foreldraviðtöl - unglingadeild
Febrúar	2.	Foreldraviðtöl – 1.-7. bekkur
Febrúar	20.-21.	Vetrarleyfi
Mars	1.	Öskudagsgleði - styttri skóladagur
Mars	7.	Samræmt próf íslenska - 9. og 10. bekkur
Mars	8.	Samræmt próf enska - 9. og 10. bekkur
Mars	9	Samræmt próf stærðfræði - 9. og 10. bekkur
Mars	14.	Skipulagsdagur kennara – dægradvöl lokuð
Apríl	8. – 17.	Páskaleyfi
Maí	4. - 5.	Vorskóli 5 ára barna
Maí	17.	Skipulagsdagur kennara
Júní	6.	Útskrift 10. bekkinga
Júní	7.	Skólaslit – styttri skóladagur

Kennsluaðstaða

Skólabyggingin skiptist í fimm hús sem auðkennd eru með litum – gula hús, græna hús, bláa hús, gráa hús og rauða hús. Auk þess eru tvær lausar kennslustofur staðsettar á lóð skólans.

Glæsileg íþróttaaðstaða er í íþróttamiðstöðinni Versölum við hlið skólans, en þar eru íþróttasalir og sundlaug. Sundlaugin er einnig notuð af nágrannaskólum sem allir eru fremur fjölmennir. Það gengur því ekki þrautalaust að koma lögboðinni kennslu fyrir í lauginni en það hefur gengið upp hingað til. Skólalóðinni er skipt upp í marga leikvelli. Þar eru körfuboltavellir, knattspyrnuvelli, vellir fyrir brennibolta, róluvöllur o.fl. Verið er að vinna að endurbótum á skólalóðinni og hafa foreldrar haft frumkvæði af að eiga aðkomu á þeirri vinnu.

Rjúpnalundur er útikennslulundur sem skólinn deilir með leikskólunum Fífusölum og Rjúpnahæð. Rjúpnalundur er vestan til í Rjúpnahæð rétt austan við byggðina í Ö-sölum.

Kennsla og fagleg mál

Kennt er samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og í samræmi við stefnu skólans. Kapp er lagt á fjölbreytni í kennsluaðferðum og endurmenntun kennara miðast við þjálfun og hvatningu til fjölbreytni. Til þess að ná þessum markmiðum leitum við leiða í einstaklingsmiðuðum kennsluháttum, fjölbreyttum kennsluaðferðum, blönduðum námshópum, samstarfi kennara og sveigjanlegum úrræðum. Við leggjum áherslu á að beina athyglinni að litrófi fjölbreyttra hæfileika nemenda og lítum á nemendur frá sjónarhorni styrkleika þeirra og áhugasviða. Leitast er við að leggja viðfangsefni í hverri grein fram á fjölbreyttan hátt þannig að höfði til allra nemenda. Áhersla er lögð á skapandi vinnu og að sérhver nemandi noti þá hæfileika og sem hann býr yfir.

Kennsla fer fram í eða við skólann og íþróttakennslan fer fram í íþróttamiðstöðinni Versölum. Einnig er reynt að fara í kennsluferðalög eftir því sem tilefni gefast. Nánari upplýsingar um kennslu er að finna á heimasíðu skólans undir skólanámskrá. Þar er einnig hægt að nálgast kennsluáætlanir einstakra árganga og greina.

Skólabragur

Skólabragur hvers skóla mótask af margvíslegum þáttum í skólastarfinu. Kennsluhættir skólans vega þungt ásamt þeim viðhorfum sem ríkja í skólanum. Í Salaskóla er unnið með ýmsum hætti að því að móta jákvæðan og uppbyggjandi skólabrag. Stefna skólans er skýr í þessum efnum. Í kennslunni er horft til styrkleika og ólíkra greinda nemenda, ýmis þróunarverkefni eru unnin og hlustað er á viðhorf og vilja nemenda. Þá er lögð rík áhersla á að halda foreldrum vel upplýstum, leitað eftir viðhorfum þeirra til skólans og hugmyndum um hvernig bæta megi skólastarfið.

Kennslutími

Kennsludagar á hverju skólaári eru 180 og eru þeir nánar skilgreindir á skóladagatali. Vikulegur kennslustundafjöldi er 30 í 1. – 4. bekk, 35 í 5. – 7. bekk og 37 í 8. – 10. bekk. Á yngsta stigi hefst kennsla kl. 8:10 og henni lýkur kl. 13:30. Nemendur á miðstigi mæta kl. 8:10 í skólann og eru búnir kl. 13:50. Daglegur skólatími unglinga er breytilegri og getur staðið til 15:30.

List- og verkgreinakennsla

List- og verkgreinar að tónlist undanskilinni eru kenndar í smiðjum í 2. – 7. bekk. Nemendur eru aðeins í einni smiðu hverju sinni og að jafnaði tekur hver smiða 6 – 7 vikur. Á unglingastigi eru list- og verkgreinar kenndar í vali.

Tónlist er kennd reglulega allan veturinn í 1. – 5. bekk. Samsöngur á sal er vikulega fyrir nemendur í 1. – 4. bekk.

Leiklist er fastur liður í starfi hvers bekkjar í 1. – 7. bekk og eru leiksýningar a.m.k. einu sinni á ári á vegum hvers bekkjar í Klettagjá, sal skólans. Þá er foreldrum boðið ásamt ýmsum öðrum. Á unglingastigi er leiklist kennd í vali.

Á síðasta skólaári var settur upp söngleikurinn Konungur ljónanna með nemendum á miðstigi og unglingastigi. Á þessu skólaári er fyrirhugað að setja upp annan söngleik munum æfingar væntanlega hefjast í lok október.

Val og þemavinna

Í 5. – 10. bekk er val og þemavinna fastur liður á stundaskrá fjórar kennslustundir á viku. Þá vinna nemendur í allskonar hópum að ýmsum þverfaglegum viðfangsefnum. Markmiðið er nemendur glími við heildstæð verkefni og leysi þau í samvinnu við aðra, jafnframt því að þeir fái nokkurt val um viðfangsefni. Verkefnin eru afar fjölbreytt og krefjandi. Margskonar þemavinna er einnig viðhöfð í öðrum árgöngum, stundum þvert á árganga en einnig innan árganga eða bekkja.

Auk þess vals sem tilgreint er hér að ofan er hluti af námi í unglingadeild valgreinar og hver nemandi velur að jafnaði 4 stundir á viku. Hverju skólaári er skipti í tvö val tímabil, eitt á haustönn og annað á vorönn. Nemendur geta fengið þátttöku í tómstundastarfi metið sem valgrein. Þær valgreinar sem eru í boði í vetur eru þessar:

- boltagreinar og skólahreysti
- eigin valgrein
- eftirréttir og kökugerð
- ensk tjáning
- tónlist
- fablab
- fjallgönguval
- fluguhnýtingar
- heimilis- og næringarfræði
- myndlist
- lopapeysa
- skartgripagerð og glervinna
- „stíls“val
- skyndihjálp
- skíðaval
- verkleg eðlisfræði
- textíl

Auk þessa geta nemendur tekið framhaldsskólaáfanga í fjarnámi eða staðnámi í t.d. stærðfræði og tungumálum. MK býður upp á verklegt val í matvælagreinum.

Útikennsla

Rjúpnalundur er sameiginlegur útikennslulundur Salaskóla, Fífusala og Rjúpnahæðar. Þar er skemmtileg aðstaða til ævintýralegrar útiveru allt árið um kring. Þar eru tré, bekkir og eldstæði og því hægt að tylla sér niður, kveikja upp og grilla á opnum eldi. Kennarar skipuleggja ýmis konar útikennslu og við leitumst við að hún eigi sér stað allan ársins hring.

Sérkennsla

Gert er ráð fyrir að sérkennsla fari fram í námsaðstæðum nemenda í bekkjarstofunum eins og kostur er. Lögð er áhersla á fyrirbyggjandi starf. Umsjónarkennarar, sérkennarar og sérgreinakennarar vinna saman að því að skipuleggja hvetjandi námsumhverfi og námsaðstæður. Nemendur eru hvattir til dáða með því að vekja áhuga og forvitni á viðfangsefnum.

Í námsveri fer fram sérkennsla þeirra nemenda sem þurfa kennslu utan bekkjarins. Markvisst er unnið að því að nemendur snúi aftur að fullu í námshópinn sinn og því fer fram regluleg endurskoðun á stöðu nemendanna. Í námsveri fá nemendur stuðning og kennslu samkvæmt einstaklingsáætlunum sínum og aðstoðin þar er hugsuð til að bæta sjálfmynd þeirra og líðan.

Ýmiskonar námskeið eru alltaf til staðar í skólanum. Sem dæmi um námskeið má nefna lestrarnámskeið, hljóðgreininganámskeið, málörvunarnámskeið, félagsfærni- og samskiptanámskeið og stærðfræðinámskeið. Tímalengd námskeiða er gjarnan 6 vikur.

Áhersla er lögð á sveigjanleika í vinnubrögðum og reynt að koma til móts við mismunandi þarfir nemenda. Sumum nemendum nýtist best að fá stuðninginn inn í bekkinn en öðrum hentar betur að vinna í smærri hópum í öðru rými. Því eru stundum tveir kennarar í ákveðnum námsgreinum í bekknum eða sérkennari með hóp.

Markmið sérkennslu Salaskóla er að skapa námslega sigra og að nemendur vinni út frá sínum sterku hliðum og áhuga. Við leggjum áherslu á að þeir vinni með fjölbreytt viðfangsefni auk þess sem unnið er að félagslegri aðlögun. Hlutverk sérkennara er m.a. að laga nám og námsaðstæður að þörfum nemenda auk þess að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir.

Kennsluáætlanir

Kennsluáætlanir í öllum bekkjum verða settar inn í mentor og á heimasíðu skólans.

Uppeldi til ábyrgðar

Unnið hefur verið með starfsaðferðir uppeldis til ábyrgðar í Salaskóla frá árinu 2007. Meginatriði stefunnar er að kenna börnum og unglingum sjálfsgá, sjálfstjórn og leiðir til að auka sjálfstraust sitt.

Uppeldi til ábyrgðar leggur áherslu á jákvæð samskipti fremur en reglur, á ábyrgð fremur en blinda hlýðni og á virðingu fremur en stjórnugjöf. Treyst er á hæfileikann til sjálfstjórnar og að hver og einn geti hugsað áður en hann framkvæmir og brugðist rétt við aðstæðum.

Uppeldi til ábyrgðar hvetur hvern og einn til að taka ábyrgð á eigin orðum og gerðum. Aðferðin nýtist við bekkjarstjórnun þar sem allir fá að vaxa og njóta sín. Þetta er aðferð í samskiptum og aðferð við að ná jafnvægi og innri styrk eftir að hafa beitt

samferðamenn sína rangindum eða lent upp á kant við þá. Leitast er við að ná samstöðu um lífsgildi til að hafa að leiðarljósi og fylgja þeim síðan eftir með fáum skýrum reglum.

Spurt er bæði hvernig við viljum vera og hvað við þurfum að gera til að ná eigin markmiðum í sátt og samlyndi við samferðamenn.

Námsmat

Megintilgangur námsmats er örvun nemenda og námshjálp. Hverjum kennara ber að fylgjast vandlega með því hvernig nemendum gengur að ná þeim námsmarkmiðum sem aðalnámskrá og skólinn setja þeim. Námsmat fer ekki einungis fram í lok námstímans heldur er það einn af föstum þáttum skólastarfs, órjúfanlegt frá námi og kennslu. Nemendur fá skriflega umsögn tvisvar á skólaárinu, í janúar og í júní. Matið er m.a. sett fram skriflega og leitast við að benda á sterkar hliðar nemenda, auk þess sem við hvetjum til dáða á öllum sviðum. Við vonum að með því getum við gefið betri mynd af stöðu nemenda í náminu og gleggri upplýsingar. Við vonum líka að þessi leið stuðli að betri og jákvæðari sjálfsmynd allra nemenda en fátt er mikilvægara nú á tímum.

Við viljum hvetja foreldra til að lesa umsagnirnar með börnum sínum og fagna þeim árangri sem náðst hefur. Fátt er börnunum meiri hvatning en fölskvalaus gleði yfir góðum afrekum þeirra.

Á skólaárinu 2016-2017 erum við að endurskoða og skipuleggja námsmat upp á nýtt m.t.t. breyttra áhersla í Aðalnámskrá grunnskóla.

Heimanámsstefna Salaskóla

Foreldrar hafa áhuga á að fylgjast með gengi sinna barna í náminu og eins og allir vita getur það skipt sköpum. Einfaldasta leiðin fyrir foreldra til að fylgjast með náminu er að setjast daglega niður með barni sínu og aðstoða það við heimanámið. Hlusta á það lesa, hvetja til vandvirkni við ritun, hjálpa því að fletta upp í orðabók, hlýða yfir margföldunartöfluna o.s.frv. Gamla fyrirkomulagið, að börnin sitji við eldhúsborðið og vinni heimaverkefni sín meðan foreldrar hræra í pottunum er gulls ígildi. Þá geta foreldrar einnig setið með börnum sínum meðan þau vinna. Maður þarf ekki endilega að kunna námsefnið til að aðstoða við heimanámið, það er hvatningin og áhuginn sem mestu máli skiptir. Ef barnið lendir í vandræðum og enginn á heimilinu áttar sig á hvað á að gera, þá bara skrifa athugasemd til kennarans.

Markmið með heimanámi nemenda í Salaskóla er að barnið læri að sýna sjálfsaga, læri að vinna á eigin spýtur, þjálfun, undirbúningur undir kennslustundir og ekki síst að skapa jákvæð samskipti milli foreldra og barna um það sem börnin eru að gera á daginn. Góð og jákvæð samskipti foreldra og barna á meðan á heimanáminu stendur geta haft mikil áhrif á námsárangur. Ef foreldrar eiga í vandræðum með að fá börn sín til að læra heima biðjum við þá um að hafa samband við okkur og í sameiningu hjálpumst við að við að leysa málið farsællega.

Heimanám - Yngsta stig

- Heimanám vikunnar er sent heim á föstudegi og skilað til baka föstudag þar á eftir. Það á ávallt að vera í sérstakri heimanámsmöppu sem auðveldar kennara og foreldrum að halda utan um það.
- Megináherslan er á heimalestur. Nemendur eiga að þjálfa sig heima í lestri á hverjum degi og foreldrar fylgjast með og skrá niður það sem lesið var og kvitta fyrir.

- Auk heimalesturs er í möppunni eitt lítið verkefni, kynning fyrir foreldra á því sem búið er að vinna með í skólanum. Einnig getur verið verkefni sem er ætlað til þjálfunar t.d. í skrift eða stærðfræði.
- Nemendur í grunnskóla eru í fullri vinnu í skólanum. Allt heimanám fyrir utan heimalestur er aukavinna og í raun sýnishorn á vinnu nemenda í skólanum.
- Ef foreldrar óska eftir auknu heimanámi bendum við á gagnvirkt námsefni á Salaskólavefnum.
- Heimanám og vikubríf birtast vikulega inni á Mentor.

Heimanám - Miðstig

- Markmið með heimanáminu eru undirbúningur undir kennslustundir. Einnig er þetta æfing fyrir nemendur og tæki fyrir foreldra til að geta fylgst með námi barna sinna.
- Miðað er við daglegt heimanám á virkum dögum og að hámarki 30-40 mínútur á dag.
- Lestur er hluti af daglegu heimanámi. Bæði getur verið um að ræða lestur í lestrarbókum og öðrum námsbókum og þá sem undirbúningur fyrir kennslustundir. Auk lesturs eru verkefni á lausum blöðum eða í vinnubókum sem ætluð eru til þjálfunar í t.d. skrift eða stærðfræði.
- Nemendur í grunnskóla eru í fullri vinnu í skólanum. Það er því mikilvægt að íþyngja þeim ekki um of með aukavinnu í náminu heima.
- Ef fólk óskar eftir meiri heimavinnu en skólinn lætur nemendur hafa bendum við á gagnvirkt námsefni á Salaskólavefnum.
- Heimanám og vikubríf birtast vikulega inni á Mentor.

Heimanám - Unglingastig

- Markmið með heimanámi á unglingastigi er að nemendur vinni frekar með þá námsþætti sem verið er að vinna með í skólanum og fái þannig aukið tækifæri til að byggja upp og dýpka þekkingu sína og hæfni.
- Miðað er við daglegt heimanám á virkum dögum. Kennarar leitast við að stilla heimanámi í hóf á hverjum degi enda er skóladagur unglinga langur. Mikilvægt er að íþyngja nemendum ekki um of með heimavinnu og taka tillit til ólíkra þarfa nemenda.
- Ef foreldrar óska eftir frekari heimavinnu bendum við á gagnvirkt námsefni á Salaskólavefnum.
- Kennarar setja upplýsingar um heimanám hvers dags á Mentor.

Próunarstarf

Í Salaskóla er unnið markvisst að þróun og endurbótum á námi og kennslu. Próunarstarfið er unnið út frá stefnu skólans, grunnskólalögum og markmiðum Aðalnámskrár grunnskóla. Sérstaklega er unnið að því að koma æ betur til móts við þarfir, áhuga og getu sérhvers einstaklings og stuðlað að vellíðan og góðum árangri nemenda.

Byrjendalæsi

Í 1. - 4. bekk vinnum við eftir hugmyndafræði byrjendalæsis. Markmið byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Gengið er út frá því að börn þurfi lesefni sem kveikir áhuga þeirra, ýtir undir ímyndunaraflíð, hvetur þau til gagnrýnninnar hugsunar og gefur þeim færi á að mynda merkingarbærar tengingar við eigið líf. Því er margs konar gæðatexti lagður til grundvallar lestrarkennslunni og hann nýttur sem efniviður í vinnu með stafi og hljóð, sem og vinnu með orðaforða, skilning og ritun af ýmsu tagi. Salaskóli er í samvinnu við Skólaþróunarsvið Háskólans á Akureyri sem leiðbeinir okkur í þessu þróunarstarfi.

Upplýsingatækni

Salaskóli mun halda áfram þróunarverkefni sínu á sviði upplýsingatækni. Undanfarin ár hefur verið áhersla á að þróa notkun spjalddtölva í námi og kennslu, sem hefur skilað góðum árangri. Nú beinist verkefnið að því nemendur og kennarar noti spjalddtölvur í auknu máli í námi og kennslu. Allir kennarar hafa spjalddtölvur til að nota við kennsluna og nemendur í 5. - 10. bekk verða með spjalddtölvur í vetur til að nota í náminu. Þá hefur skólinn fengið fjölda spjalddtölva til að nota í kennslu í öllum árgögnum. Markmiðið er að bæta nám nemenda og breyta kennsluháttum til að koma betur til móts við ólíkar þarfir nemenda.

Nýsköpun og frumkvöðlamennt

Salaskóli fékk styrk í sprotasjóði til að vinna þróunarverkefni í nýsköpun og frumkvöðlamennt. Verkefnið mun ná til allra nemenda skólans og verður byrjað á miðstigi þar sem kennsla í nýsköpun og frumkvöðlamennt fer fram í smiðjum. Eftir áramót verður sett af stað prógram á yngsta stigi og í unglingadeild. Við munum verða í samstarfi við ýmsa aðila í atvinnulífinu vegna þessa verkefnis og vonandi fá nemendur góða kynningu á ýmsu frumkvöðlastarfi í samfélaginu.

GERT

Í vetur tókum við þátt í verkefni sem hefur hlotið nafnið GERT sem er skammstöfun fyrir grunnmenntun efling í raunvísindum og tækni. Verkefnið er samstarfsverkefni Samtaka iðnaðarins, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga til að auka áhuga grunnskólanemenda á raunvísindum og tækni. Markmið verkefnisins er að bjóða upp á lausnir fyrir nemendur og kennara í grunnskólum sem geta leitt af sér aukna þekkingu og ekki síður áhuga á raunvísindum og tækni og þannig uppfyllt betur framtíðarþörf vinnumarkaðar. Við erum að taka þátt í þessu verkefni í fyrsta skipti og vonandi skilar það góðum árangri.

Heilsueflandi grunnskóli

Salaskóli gerðist þátttakandi í verkefninu heilsueflandi grunnskóli á síðasta ári. Verkefnið er þróunarstarf sem stýrt ef af embætti landlæknis og unnið í samræmi einn af sex grunnþáttum menntunar í Aðalnámskrá, heilbrigði og velferð. Í Salaskóla er starfandi hópur sem vinnur að innleiðingu þessa og fyrsta verkefni hans er að búa til heildræna og vel skipulagða heilsustefnu þar sem horft er á allt skólasamfélagið í heild.

UNESCO – skólar

Salaskóli er þátttakandi í verkefninu UNESCO – skólar sem er á vegum Félags Sameinuðu þjóðanna. Það þýðir að skólinn vinnur að verkefnum tengdum starfsemi Sameinuðu þjóðanna, fjölmenningsfræðslu, sjálfbærri þróun og friði og mannréttindum.

Skólar á grænni grein

Salaskóli hefur tekið þátt í verkefninu skólar á grænni grein. Skólar á grænni grein er alþjóðlegt verkefni til að auka umhverfismennt og styrkja menntun til sjálfbærni í skólum. Skólar ganga í gegnum sjö skref í átt að aukinni umhverfisvitund og sjálfbærni. Þegar því marki er náð fá skólarnir að flagga Grænfánanum til tveggja ára og fæst sú viðurkenning endurnýjuð ef skólarnir halda áfram góðu starfi. Salaskóli er nú að vinna að því að fá Grænfánann í enn eitt skiptið.

Foreldrasamstarf

Skólaráð

Skólaráð fjallar um og gefur umsögn til skólans og skólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða skólahaldið, fylgist með að áætlanir séu kynntar foreldrum. Skólastjóri starfar með skólaráði og veitir því upplýsingar um starfið í skólanum. Ráðið fundar að jafnaði mánaðarlega með skólastjórnendum og eru fundargerðir þeirra aðgengilegar á heimasíðu skólans.

Skólaráð er skipað 2 fulltrúum foreldra, 2 fulltrúum nemenda, 2 fulltrúum kennara, 1 fulltrúa annarra starfsmanna skólans, 1 fulltrúa grenndarsamfélagsins auk skólastjóra, aðstoðarskólastjóra og deildarstjóra. Í skólaráðinu sitja nú

Ingibjörg Salóme Sigurðardóttir, fulltrúi foreldra
Lovísa Björk Skaftadóttir McClure, fulltrúi foreldra
Andri Már Tómasson, fulltrúi nemenda
Elín Edda Jóhannsdóttir, fulltrúi nemenda
Ásgerður Helga Guðmundsdóttir, fulltrúi kennara
Hrafnhildur Georgsdóttir, fulltrúi kennara
Lilja Björk Hjálmarsdóttir, fulltrúi starfsmanna
Svala Ísfeld Ólafsdóttir, fulltrúi grenndarsamfélags
Hafsteinn Karlsson, skólastjóri

Fundir skólaráðs eru mánaðarlega á mánudegi í síðustu viku hvers mánaðar.

Foreldrafélag

Í Salaskóla er starfrækt öflugt foreldrafélag. Félagar í því eru allir foreldrar/forráðamenn nemenda í skólanum. Meginmarkmið félagsins er að efla samstarf milli foreldra/forráðamanna nemenda skólans og stuðla að velferð nemenda í leik og starfi. Starf foreldrafélagsins byggist á skipulögðu samstarfi foreldra/forráðamanna nemenda í hverjum bekk og skólans.

Stjórn foreldrafélagsins er skipuð fimm aðalmönnum og tveimur varamönnum sem allir eru foreldrar/forráðamenn nemenda í skólanum. Stjórnin fundar reglulega einu sinni í mánuði og oftast ef ástæða er til. Ef foreldrar/forráðamenn vilja koma málum á framfæri við stjórnina þá er hægt að hafa samband við stjórnina í gegnum tölvupóst eða símleiðis. Stjórnarskipti eru á aðalfundi sem er haldinn að vori. Í stjórn foreldrafélagsins eru:

Berglind Ósk Guðmundsdóttir (formaður) - 8696925 – bergosk@simnet.is
Laufey Dís Ragnarsdóttir (gjaldkeri) - 6994094 – laufeydis@gmail.com
Heimir Hjartarson, (ritari) - 8476150 - hjartarson@gmail.com
Helena Dögg Magnúsdóttir - 8204758 - helenagfjr@landsbjorg.is
Erla Kr. Skagfjörð Helgadóttir - 8567157 – erlahe@gmail.com
Margrét Lukka Brynjarsdóttir - 8216202 – maggalukka@gmail.com

Bekkjarfulltrúar: Tveir bekkjarfulltrúar koma frá hverjum bekk og er hlutverk þeirra m.a. að halda utan um bekkjarstarf í samráði við kennara. Einnig fylgjast þeir með þátttöku annarra foreldra og mæta á aðalfund foreldrafélagsins.

Nefndir: Ýmsar nefndir munu starfa á vegum foreldrafélagsins. Þær verða skipaðar af foreldrum/forráðamönnum nemenda.

Fastir árvissir viðburðir á vegum foreldrafélagsins eru *aðventuganga* í byrjun desember, en þá er safnast saman við Salaskóla og hlýtt á jólalög í flutningi Skólahljómsveitar Kópavogs. Síðan er farið í ljósagöngu í nágrenni skólans með viðkomu í Lindakirkju. Eftir gönguna er boðið upp á heitt súkkulaði og smákökur í skólanum. Skömmu fyrir páska er svo *páskabingó* með glæsilegum vinningum og ósvikinni skemmtun. Í maí er *vorhátíð* foreldrafélagsins haldin á laugardegi. Þá koma nemendur og foreldrar þeirra saman, leika, grilla og gera margt annað skemmtilegt.

Foreldrafélagið hefur staðið fyrir *foreldrarölti* um Salahverfi á föstudögum.

Foreldrafélagið er á *Facebook* og eru allir foreldrar hvattir til að fylgjast með starfi þess þar.

Samskipti heimila og skóla

Umsjónarkennari verður í samskiptum við foreldra um þau mál er snerta einstaka nemendur, heimanám og annað sem eingöngu snýr að starfi bekkjarins. Boðið er upp á foreldraviðtöl svo oft sem þurfa þykir en slík viðtöl eru a.m.k. tvisvar á skólaári. Koma foreldrar þá í skólann á fund umsjónarkennara. Umsjónarkennari og foreldrar hafa einnig samband símleiðis eða með tölvupósti eftir atvikum. Í upphafi skólaársins verður kynning á starfsáætlun skólans og á starfinu í hverjum bekk. Morgunkaffi stjórnenda og námskynningar kennara eru þar sett í einn viðburð. Fleiri fundir kunna að verða þar sem rætt er um ákveðin málefni. Annað foreldrastarf er sem hér segir:

- Kennarar og skólastjórnendur eru með símaviðtalstíma daglega.
- Mentor er upplýsingasíða skólans fyrir foreldra
- Kennarar senda upplýsingar um starfið í bekknum á mentor og foreldrar þurfa því að fylgjast vel með þar
- Heimasíða skólans er fyrst og fremst upplýsinga- og fréttasíða skólans fyrir foreldra.
- Facebooksíða skólans er hugsuð til að koma skilaboðum af ýmsu tagi fljótt til foreldra. Þar má nefna t.d. tapað – fundið, tilboð um tómstundastarf, stuttar tilkynningar og annað slíkt.
- Foreldrar eiga að geta sinnt sem flestum erindum sínum við skólann í gegnum mentor
- Foreldrar geta, í samráði við kennara, heimsótt skólann og fengið að taka þátt í skólastarfinu.
- Hver bekkur er með sýningu á sal a.m.k. einu sinni yfir veturinn og eru foreldrar þá boðnir á sýninguna.
- Ýmsar skemmtanir verða sem foreldrum er boðið á.
- Sérstök fræðsla um skólamál er fyrir foreldra yngstu barnanna vorið áður en börnin koma í skólann.
- Skólaráð fundar mánaðarlega með skólastjórnendum.
- Starf foreldrafélags og bekkjarfulltrúa er skipulagt af foreldrum.

Ef foreldri þarf að ná sambandi við kennara:

Foreldri getur óskað eftir fundi með kennara í tölvupósti til kennarans. Þeir koma sér saman um fundartíma.

Einnig geta foreldrar hringt á skrifstofu skólans og lagt fyrir skilaboð um að kennari hringi í sig. Kennari hringir samdægurs eftir kennslu ef erindið er brýnt en annars í síðasta lagi daginn eftir. Mikilvægt er því að það komi fram hvort erindið er brýnt eða ekki.

Foreldrar eru beðnir um að hringja ekki í kennara utan dagvinnutíma, nema brýna nauðsyn beri til.

Tölvupóstur til kennara

Kennarar svara tölvupósti foreldra eftir kennslu og að jafnaði inna tveggja daga frá því hann berst.

Foreldrar geta ekki treyst því að tölvupóstur sem þeir senda kennara verði lesinn samdægurs og því er betra ef erindið er brýnt að hringja á skrifstofu skólans.

Hvenær á að hringja?

Foreldrar eru beðnir um að hringja ekki á skrifstofu skólans eða í kennara með skilaboð sem ekki eru brýn t.a.m. að mamma eða pabbi bíði út í bíl, barnið megi fara heim með einhverjum eftir skóla o.s.frv. Sama gildir um tölvupóst með svipuðum skilaboðum. Ganga þarf frá öllu slíku við barnið áður en það fer í skólann. Ef upp koma ófyrirséð tilvik geta foreldrar hringt á skrifstofu skólans.

Foreldrar geta ekki ætlast til þess að ná tali af kennara þegar kennslu lýkur t.d. þegar þeir eru að sækja börn sín. Ef þeir þurfa að ná tali af kennara er bent á þær leiðir sem nefndar eru hér að ofan. Kennarar eru með þéttskipaða dagskrá eftir að kennslu lýkur og eru þá að sinna undirbúningi undir kennslu, samstarfi við aðra kennara, fundum með foreldrum og sérfræðingum, kennarafundum og endurmenntun.

Tölvupóstur í samskiptum heimila og skóla

Leiðbeiningar fyrir foreldra

Hvenær á að nota tölvupóst?

- Koma upplýsingum á framfæri
- Leita upplýsinga
- Hrósa kennara/skóla fyrir það sem vel er gert
- Gera athugasemdir um það sem þér finnst miður fara

Hvenær á ekki að nota tölvupóst?

- Ekki ræða viðkvæm, persónuleg mál í tölvupósti – hringja og panta viðtal
- Þegar maður er reiður og illa upp lagður
- Tölvupóstur er ekki öruggur - Aðrir geta lesið póstinn
- Pósturinn getur "óvart" farið á annað/önnur netföng
- Ekki er hægt að eyða bréfi sem hefur verið sent eða breyta því á nokkurn hátt

- Þegar bréf hefur verið sent er það til, óvíst er að viðtakandi eyði því, heldur geymi það í tölvunni – jafnvel sendi það áfram til fleiri aðila eða prenti það út og sýni fleirum
- Ekki er 100% öruggt að tölvupósturinn skili sér, frekar en sniglapóstur
- Bréf send í tölvupósti hafa verið gögn í dómsmáli hér á landi

Hafið tölvupósta ávallt hnitmiðaða og skýra

- Ekki senda löng skeyti. Hafðu textann hnitmiðaðan og skýran, þannig að skilaboðin komist klárlega til skila. Fáir gefa sér tíma til að lesa langan texta í tölvunni. Skeytin eiga að vera svo stutt að ekki þurfi að prenta þau út.
- Viðtakandi getur “lesið á milli línanna” og túlkað póstinn á annan hátt en sendandi hafði ætlast til. Þess vegna þarf textinn að vera skýr og augljós. Varist hálfkveðnar vísur.

Trúnaðarmál á ekki að ræða í tölvupósti

- Tölvupóst á ekki að nota til að ræða viðkvæm mál
- Aldrei senda trúnaðarmál í tölvupósti – þá er betra að hringja eða hittast augliti til auglitis

Viðhengi og auglýsingar

- Tölvupóstur er einfalt, þægilegt og fljótlegt samskiptaform
- Tölvupóstur er ákjósanlegur í almennum samskiptum við einstaka kennara eða skólann
- Tölvupóstur er finnst til að koma skilaboðum til skólans
- Sendið ekki auglýsingapóst eða ruslpóst á kennara
- Notið viðhengi í hófi. Viðhengi eru stór skjöl sem taka langan tíma í að hlaðast inn í tölvu viðtakanda. Slíkt pirrar fólk. Ekki á að senda viðhengi á einstaka kennara nema þeir vita af því áður.

Sýnið alltaf kurteisi

- Aldrei skrifa bréf í reiði, bíða þar til hún rennur
- Ef þú ert í vafa um hvort þú eigir að senda bréfið, ekki senda það. Láttu einhvern eða einhverja lesa það yfir
- Aldrei láta hanka þig á ókurteisi, dónaskap eða ruddaskap
- Það sem þú lætur fara frá þér í tölvupósti lýtur sömu lögum og annað ritað mál. Varstu því að láta frá þér fara óhróður um fólk og stofnanir, jafnvel þó þér finnst einhver eiga það skilið

Mat á skólastarfi

Salaskóli hefur lengi unnið að því að koma upp eigin sjálfsmatskerfi. Kerfið hefur þróast og mótast í tíðanna rás og er nú orðið býsna víðtækt. Unnið er skv. matsáætlun og á þriggja ára fresti gefur skólinn út ítarlega matsskýrslu sem byggir á matsvinnu síðustu ára. Sérstakur matshópur, skipaður fulltrúum starfsmanna, nemenda og foreldra hittist reglulega og heldur utan um mat á skólastarfinu.

Nokkrum sinnum yfir skólaárið er gerð könnun á líðan og viðhorfum nemenda í 6. – 10. bekk og er það *Skólapúlsinn* sem framkvæmir þá könnun. Þar fáum við mikilvægan samanburð við aðra sambærilega skóla á landinu. *Skólapúlsinn* leggur viðhorfakönnun fyrir foreldra annað hvert ár, jafnframt því sem hann kannar viðhorf starfsmanna skólans. Morgunkaffi hefur einnig verið til staðar fyrir foreldra, en þegar slíkir fundir eru fylla þeir út könnun um góða þætti í starfi Salaskóla og hvað, ef eitthvað er, mætti bæta. Auk þess eru óreglulega lagðar kannanir fyrir nemendur, foreldra eða starfsmenn varðandi ýmsa þætti skólastarfsins.

Þá höfum við einnig smátt og smátt verið að þróa aðkomu nemenda að mati á skólastarfinu. Við höfum haldið skólaþing nemenda í 5. – 10. bekk þar sem litlir hópar nemenda á ólíkum aldri ræða ýmis mál er snerta nám og félagslíf. Við höfum haldið með þeim kaffihúsafundi, þar sem þeir draga fram það sem gott er við skólann, það sem má bæta og hvernig má bæta það. Einnig er verkefni í þjóðfélagsfræði í 10. bekk orðið fastur liður en þá búa 10. bekkingar til stjórnmalaflokka sem bjóða fram til kosninga og þar eru skólamálin viðfangsefni. Framboðsfundur er haldinn þar sem þeir kynna stefnu sína og umbótamál og allir nemendur í 8. – 10. bekk kjósa svo þann flokk sem þeim lýst best á. Þeir sem flest atkvæði fá funda svo með stjórnendum og skólaráði og kynna áherslu mál sín. Þetta hefur nýst afar vel í umbótastarfi í skólanum.

Umbætur í skólastarfinu sem unnið verður að í vetur byggja á þeim gögnum sem fást í gegnum þá vinnu sem nefnd er hér að ofan. Stórt verkefni snýr að breyttum kennsluháttum á öllum aldurstigum. Þá er unnið að umbótum á forvarnaráætlun skólans, auka símenntun starfsfólks og skrá öll mál á markvissari hátt en verið hefur. Einnig er unnið að umbótum á námsmati skólans og nýtingu á Mentor sem samskiptatæki við foreldra. Verið er að stórefla lestrar- og lesskilningskennslu á öllum aldurstigum og þróa kennslu í upplýsingatækni. Frekari upplýsingar um mat á skólastarfi í Salaskóla og matsskýrslur er hægt að nálgast á heimasíðu skólans.

Áherslur í innra mati skólaárið 2016-2017

Helstu áherslur í innra mati á starfi Salaskóla á skólaárinu eru þessar:

- Endurgjöf til kennara um nám og kennslu.
- Sýnileiki einkunnarorða skólans í skólastarfinu
- Nemendalýðræði og þátttaka nemenda í stefnumótun varðandi nám og skólastarf
- Skipulag náms- og námsumhverfis

Stoðþjónusta

Nemendavernd

Salaskóli leggur mikla áherslu á að öllum nemendum líði vel í skólanum sem og utan hans. Vegna þessa gerir starfsfólk skólans sitt besta við að vera vakandi yfir velferð þeirra. Vanlíðan getur birst í óæskilegri hegðun, s.s. fjarvistum, ofbeldi, vanrækslu í námi, einelti o.s.frv. Nemendaverndarráð heldur utan um þessi mál og grípur inn í þegar þess þarf í samráði við umsjónarkennara. Auk þeirra eru nemendur sjálfir og foreldrar þeirra lykilaðilar þegar kemur að velferð nemenda.

Hlutverk nemendaverndarráðs er að samræma sérfræðiþjónustu við nemendur, þ.e. námsráðgjöf, sálfræðiráðgjöf, skólahjúkrun og aðra stoðþjónustu. Nemendaverndarráð fjallar um sérstök úrræði fyrir einstaka nemendur eða nemendahópa og metur hvaða viðbótarupplýsinga er þörf. Ráðið tekur ákvörðun um aðgerðir og framkvæmd þeirra.

Hlutverk umsjónarkennara er að fylgjast með námi, þroska og líðan nemenda sinna, aðstoða þá eftir föngum og gefa þeim góð ráð í persónulegum málum. Hann er í samstarfi við foreldra og vísar til nemendaverndarráðs þeim málum sem undir það falla.

Hlutverk nemenda er að stunda nám sitt af kostgæfni og sýna alúð í vinnu og samskiptum.

Hlutverk foreldra er að gæta hagsmuna barna sinna, vera ábyrgir fyrir framkomu, skólasókn og heimavinnu barna sína og vakandi yfir líðan þeirra, námsgengi og félagslegri stöðu.

Skólaheilsugæsla

Meginmarkmið skólaheilsugæslu er að stuðla að því að börn fái að vaxa, þroskast og stunda nám sitt við bestu andlegu, líkamlegu og félagslegu skilyrði sem völ er á. Heilsugæsla skólabarna er framhald af ung- og smábarnavernd. Skólaheilsugæslan leitast við að efla heilbrigði nemenda og stuðla að vellíðan þeirra. Starfsfólk skólaheilsugæslu vinnur í náinni samvinnu við foreldra/forráðamenn, skólastjórnendur, kennara og aðra sem koma að málefnum nemenda. Farið er með allar upplýsingar sem trúnaðarmál.

Reglubundnar skoðanir og bólusetningar

1. bekkur: Sjónpróf, heyrnpróf, hæðarmæling og þyngdarmæling

4. bekkur: Sjónpróf, hæðarmæling og þyngdarmæling

7. bekkur: Sjónpróf, hæðarmæling, þyngdarmæling og athugun á litaskyni. Bólusett gegn mislingum, rauðum hundum og hettusótt (ein sprauta). Bólusett gegn leghálskrabbameini 3 sprautur á 6 mánaða tímabili.

9. bekkur: Sjónpróf, heyrnpróf, hæðarmæling og þyngdarmæling. Bólusett gegn mænusótt, barnaveiki og stífkrampa (ein sprauta)

Nemendur í öðrum árgöngum eru skoðaðir ef ástæða þykir til eða ef foreldrar óska eftir því. Skólaheilsugæsla fylgist einnig með því að börn hafi fengið þær bólusetningar sem tilmæli landlæknis segja til um. Ef börn hafa ekki fengið fullnægjandi bólusetningar verður haft samband við foreldra áður en bætt er úr því.

Fræðsla / heilbrigðishvatning / forvarnir

Skólaheilsugæsla sinnir skipulagðri heilbrigðisfræðslu og hvetur til heilbrigðra lífshátta. Farið er inn í alla árganga með fyrirfram ákveðið fræðslufni. Byggt er á hugmyndafræðinni um 6-H heilsunnar sem er samstarfsverkefni skólaheilsugæslunnar og Lýðheilsustöðvar. Áherslur fræðslunnar eru Hollusta - Hvíld - Hreyfing - Hreinlæti - Hamingja - Hugrekki og kynheilbrigði. Öll tækifæri sem gefast eru nýtt til að fræða nemendur og vekja þau til umhugsunar og ábyrgðar á eigin heilbrigði. Foreldrar geta leitað eftir ráðgjöf skólaheilsugæslunnar varðandi vellíðan, andlegt, líkamlegt og félagslegt heilbrigði barnsins.

Tannvernd

Flúorskolun fer fram í skólanum hjá 1., 7. og 10. bekk eftir tilmælum frá miðstöð tannverndar. Flúorskolað er þrjá daga í röð annan hvern mánuð.

Forvarnaráætlun Salaskóla

Salaskóli tekur forvarnarhlutverki sínu mjög alvarlega og er einhvers konar forvörn á öllum skólastigum skólans. Skólinn hefur gert sérstaka forvarnaráætlun í þessu skyni. Áætlunin á að verða til þess að starfsmenn skólans sofni ekki á verðinum þegar kemur að forvörnum. Einnig verður hún til þess að ákveðin þemu eru fyrir hvert aldursstig. Þannig má koma í veg fyrir að sama fræðslan fari fram ár eftir ár sem bæði getur verið þreytandi sem og orðið til þess að önnur mikilvæg málefni gleymast. Samkvæmt forvarnaráætluninni á að fræða nemendur um einelti og afleiðingar þess á hverju ári. Einnig er uppeldi til ábyrgðar hugsað sem forvarnarstarf. Aðrar forvarnir sem skólinn tekur fyrir er t.a.m. fræðsla um ofbeldi (heimilisofbeldi/kynferðisofbeldi), hugrekki-fræðsla, tóbaks og vímuefnafræðsla og kynfræðsla. Forvarnaráætlun er hægt að nálgast á heimasíðu skólans.

Símenntun starfsmanna

Starfsfólk Salaskóla leggur sig fram við að halda sér við í faginu og sækir reglulega símenntun allt árið. Hér að neðan eru nokkrir áherslupunktur skólans í þeim efnum.

Byrjendalæsi og læsi til náms

Í samstarfi við Háskólann á Akureyri hefur Salaskóli á síðastliðnum árum verið að innleiða aðferð sem kennd er við byrjendalæsi. Kennarar í 1. - 4. bekk sækja námskeið og fá leiðsögn frá sérfræðingum sem fylgja vinnunni eftir með markvissum hætti. Svipuð vinna hefur farið fram hjá kennurum eldri bekkja og þar er unnið eftir hugmyndum sem kennd er við læsi til náms.

Skyndihjálp

Það er mikilvægt að starfsmenn bergðist rétt við ef slys verða og geti veitt fyrstu hjálp. Þeir sækja því reglulega skyndihjálparnámskeið þar sem farið er yfir helstu atriði.

Skólaheimsóknir, ráðstefnur

Auk þessa verður farið í skólaheimsóknir og ráðstefnur hérlandis og erlendis og skólar heimsóttir sem eru að vinna vel í skapandi móðurmálskennslu.

Uppbyggingarstefna

Salaskóli er að innleiða uppbyggingarstefnuna inn í starf sitt. Einu sinni í mánuði er starfsmannafundur um þessi viðfangsefni og þar fer fram skipuleg fræðsla hvað þetta varðar.

Upplýsingatækni

Í skólanum hefur verið í gangi þróunarverkefni í notkun spjaldtölva í kennslu. Allir kennarar hafa fengið þjálfun á því sviði. Á þessu skólaári fá eru allir nemendur í 5. – 10. bekk með spjaldtölvur til afnota í námi sínu. Auk þess á skólinn fjölda spjaldtölva sem nemendur í öðrum árgöngum geta notað í námi sínu. Kennarar í Salaskóla hafa farið og munu áfram fara í heimsóknir í skóla í nágrannalöndunum sem eru framarlega í upplýsingatækni.

ADHD

Við leggjum áherslu á að allir starfsmenn skólans fræðist um ADHD. Unnið verður með þá þekkingu sem til er innanhúss og einnig leitað til sérfræðinga utan skólans. Þælt verður í skipulagi, kennsluaðferðum og fl. Lögð verður áhersla á samræður og að fólk deili reynslu sinni. Fræðslan fer fram á starfsmannafundum.

Skólareglur

Skólareglur eru í samræmi við lög og reglugerðir og verða endurskoðaðar í vetur með þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra.

Samskipti

Samskipti í skólanum skulu grundvallast á gagnkvæmri virðingu, kurteisi og tillitssemi. Nemendur eiga að hlýða starfsfólki skólans.

Ástundun

Nemendur skulu sinna vinnu sinni og starfi í skólanum af kostgæfni og leggja sig fram um að gera eins vel og þeir geta. Þeir skulu sýna umburðarlyndi og leggja sig fram við að skapa góðan vinnuanda.

Stundvísí

Nemendur skólans eiga að mæta stundvíslega í skólann. Forföll skal tilkynna svo fljótt sem auðið er.

Leyfi

Leyfi allt að einum degi veitir umsjónarkennari, en lengri leyfi skulu forráðamenn sækja um skriflega til skrifstofu skólans á þar til gerðu eyðublaði eða með tölvupósti.

Umgengni

Ganga skal vel um jafnt innan dyra sem utan og fara vel með allar eigur skólans.

Útivist

Nemendur í 1. – 7. bekk fara í útivist. Ef nemandi þarf af einhverjum ástæðum að vera inni geta foreldrar óskað eftir því og þurfa þá að senda skriflega beiðni um það til umsjónarkennara. Nemendur eiga einnig að vera á skólalóðinni í útivist og mega ekki yfirgefa hana nema að fengnu leyfi umsjónarkennara. Hætta skal leikjum þegar frímínútum lýkur og fara í kennslustundir. Samskipti nemenda í útivist skulu einkennast af félagsanda, tillitssemi og virðingu fyrir skólafélögum og starfsfólki skólans.

Nesti

Nemendur í 1. – 7. bekk geta keypt áskrift að ávöxtum á morgnana, ella skulu þeir koma með hollt og gott nesti í skólann. Þeir drekka vatn eða mjólk í skólanum. Heimilt er að neyta annarra svaladrykkja á skólaskemmtunum. Óheimilt er að neyta sælgætis á skólatíma.

Reiðhjól, hlaupahjól og línuskautar

Öll hjól þarf að geyma úti. Í skólanum þarf að ganga frá reiðhjólinu í hjólagrind. Hlaupahjól á að geyma á þar til gerðum bás á skólalóð. Ekki er tekin ábyrgð á hjólum í skólanum. Hjól og línuskautar eru ekki leyfileg á skólalóð á skólatíma eða þegar dægradvöl er opin.

Farsímar

Notkun farsíma, leikjatölva og annars sem truflar nám og kennslu er með öllu óheimil í kennslustundum nema kennari hafi heimilað notkunina. Ef nemandi hlýðir ekki fyrirmælum

kennara hvað varðar notkun á farsíma getur kennari tekið símann af honum og geymt þar til kennslustund lýkur.

Bekkjarreglur

Kennurum er heimilt að setja sérstakar reglur í bekkjum sínum í samráði við nemendur enda falli þær innan ramma skólareglna.

Brot á reglum

Ef nemandi veldur verulegri truflun í kennslustund og lætur sér ekki segjast við áminningu kennara er heimilt að víkja nemanda úr kennslustund. Tryggja skal að skólastjóri, aðstoðarskólastjóri eða sérfróður ráðgjafi í skólanum taki við nemandanum og ræði við hann um agabrotið. Forráðamönnum skal ætíð gerð grein fyrir agabrotum barns síns svo og umsjónarkennara. Einnig skal nemanda gefinn kostur á því að tjá sig um málið.

Gerist nemandi sekur um alvarleg eða endurtekin brot á reglum skólans skal umsjónarkennari leita orsaka þess og reyna að ráða bót á. Verði samt ekki breyting til batnaðar skal umsjónarkennari leita aðstoðar skólastjóra og sérfróðra ráðgjafa skólans. Ávallt skal leitað eftir samvinnu við forráðamenn nemenda um úrlausn málsins.

Ef nemandi gerist sekur um alvarleg eða endurtekin brot á skólareglum og lætur ekki segjast við áminningu skólastjóra er heimilt að vísa nemanda tímabundið úr skóla meðan leitað er úrlausna í máli hans. Ávallt skal leitað eftir samvinnu við forráðamenn nemenda um málið.

Ástundun í unglingadeild

Markmiðið með skipulegri ástundun er að bæta hegðun og skólasókn. Gott aðhald gagnvart nemendum skerpir áhuga og einbeitingu sem og gefur skólanum tækifæri til að fylgjast með líðan nemenda.

Mætingar, ástundun og hegðun

Nemandi byrjar með 10 í einkunn. Ef hann fær punkta, þá lækkar sú einkunn. Fjórir punktar lækka um einn heilan.

Punktar

Of seint	1 punktur
Óheimil fjarvist úr kennslustund	2 punktar
Skilar ekki heimavinnu	1 punktur
Mætir ekki með námsgögn	1 punktur
Óvirk/ur í tímum	1 punktur
Fylgir ekki fyrirmælum	1 punktur
Truflar í tímum	1 punktur
Notar tæki í tímum án leyfis	1 punktur
Fer ekki eftir skóla- / bekkjarreglum	1 punktur

Punktar sem gilda aðeins í íþróttahúsi

Kemur ekki með íþróttaföt	1 punktur
Fylgir ekki reglum í íþróttahúsi	1 punktur
Er með tyggjó í íþróttahúsi	1 punktur

Tækifæri til að hækka einkunn

Einkunnin kemur fram á vitnisburði nemenda í janúar og júní. Nemandi getur sótt um að hækka einkunn sína einu sinni á önn. Hann sækir um það til umsjónarkennara. Með því að vera punktalaus í eina viku falla niður tveir punktar. Mest er hægt að vinna af sér sex punkta.

Aðgerðir

- Allir kennarar skrá í Mentor.
- Nemendur og foreldrar bera ábyrgð á að fylgjast með punktastöðunni í Mentor.
- Umsjónarkennarar fylgjast með punktastöðu nemenda sinna.
- Ekki er hægt að afskrifa punkta sem eru meira en viku gamlir (nema með samningi).

Hagnýtar upplýsingar

Leyfi

Óski nemandi eftir leyfi frá skóla lengur en í tvo daga þurfa foreldrar hans að hafa samband við skólaritara og fylla út sérstakt eyðublað á skrifstofu skólans þess efnis, eða senda beiðni um leyfi í tölvupósti. Umsjónarkennari getur veitt leyfi til styttri tíma.

Forföll nemenda

Forföll nemenda þarf að tilkynna strax að morgni. Það er hægt að gera símleiðis eða í gegnum Mentor. Hringt er heim til nemenda ef forföll eru ekki tilkynnt. Óskað er eftir læknisvottorði ef nemandi er veikur samfleytt í 10 daga og einnig ef nemandi hefur verið veikur fleiri en 15 daga á skólaárinu.

Veikindi kennara

Þegar kennarar veikjast er reynt eftir mætti að fá forfallakennara. Takist það ekki getur komið upp sú staða að fella verði niður kennslu og senda nemendur heim.

Mötuneyti og nesti

Salaskóli rekur mötuneyti þar sem boðið er upp á málsverð í hádegi og hver máltíð kostar 439 kr. Aðeins er í boði að vera í áskrift og er mánaðargjaldið 8.630 kr. Starfsfólk mötuneytisins eldar matinn að morgni hvers dags. Foreldrar þurfa að ganga frá mataráskrift í gegnum íbúagátt Kópavogsbæjar. Nemendum í 1.–7. bekk gefst kostur á að fá ávexti í morgunhressingu fyrir 1.560 kr á mánuði, en aðrir nemendur koma sjálfir með bita í morgunhressingu, t.d. ávöxt eða gott brauð. Við leyfum aðeins mjólk eða vatn í skólanum og fá nemendur af hvoru tveggja eins og þá lystir.

Samstarf við leikskóla

Í Salahverfi eru tveir leikskólar, Fífusalir og Rjúpnahæð. Samstarf er við þá báða á ýmsum sviðum. Unnið er markvisst að því að gera börnum auðvelt að fara úr leikskólunum í Salaskóla og heimsækja 5 ára nemendur leikskólana Salaskóla. Leikskólarnir eru með sumarskóla í júní í húsnaði Salaskóla og dægradvöl Salaskóla er með sumardvöl fyrir verðandi nemendur skólans í tvær vikur fyrir skólaþingi. Þetta gerir skólabyrjun þeirra í Salaskóla auðveldu og vinalega.

Mætið á réttum tíma

Skólinn opnar kl. 8:00 og þá mega nemendur í 1. – 4. bekk fara inn í sína kennslustofu og lesa eða tefla. Eldri nemendur geta komið sér þægilega fyrir á göngum og beðið eftir að kennsla hefjist. Kennsla hefst kl. 8:10 á hverjum morgni og þá eiga nemendur að vera mættir í kennslustofu. Þeir sem koma of seint trufla kennslu.

Gangið í skólann

Við hvetjum nemendur til að ganga í skólann og foreldra til að spara aksturinn að skólahúsinu á morgnana eins og kostur er. Margir nemendur eiga greiða leið í skólann eftir göngustígum og hvetjum við þá til að ganga. Þannig drögum við úr umferð, bensíneyðslu og stuðlum að heilbrigðri hreyfingu.

Tölvunotkun

Í skólanum eru fjöldi tölva til að nota við námið auk þess sem allir nemendur í 5. – 10. bekk eru með spjaldtölvur. Nemendur fá aðgangsorð inn í tölvukerfi skólans. Þá er þráðlaust net í skólanum sem nemendur hafa aðgang að við nám sitt.

Óskilamunir

Í skólanum er mikið um óskilamuni. Um er að ræða fatnað af ýmsu tagi, þar á meðal vandaðar og óslitnar flíkur. Ef fatnaður eða aðrar eigur nemenda skila sér ekki heim að loknum skóladegi eru foreldrar vinsamlegast beðnir um að snúa sér til gangavarða eða húsvarðar. Foreldrar eru beðnir um að merkja greinilega skófatnað nemenda, íþróttafatnað, yfirhafnir og töskur.

Hjól og hjólabretti

Á vorin eru hjólin tekin fram og mörgum finnst gott að koma á hjóli í skólann. Þeir sem koma á hjóli í skólann þurfa að kunna umferðarreglur sem gilda um hjólreiðar og fara eftir þeim. Mikil umferð er á göngustígum á morgnana og þurfa hjólandi vegfarendur því að hjóla varlega framhjá gangandi vegfarendum. Allir sem ferðast á hjóli eiga undantekningalaust að vera með hjálm á höfðinu.

Vegna öryggis nemenda er ekki leyfilegt að vera á reiðhjóli eða hlaupahjóli á skólatíma, frímínútum eða hádegishléi á skólalóðinni. Í skólanum eru um 590 nemendur og það skapar slysaþættu ef einhverjir eru á reiðhjólum eða öðrum fararskjótum á meðan aðrir eru að leik á skólalóðinni. Hins vegar má vera á hjólabrettum á svæðinu á milli skólans og íþróttamiðstöðvarinnar.

Slys og veikindi

Veitt er fyrsta hjálp í skólanum og minniháttar slysum sinnt. Þurfi nemandi að fara á heilsugæslustöð eða slysadeild skulu foreldrar/forráðamenn fara með barninu. Mikilvægt er að skólinn hafi öll símanúmer sem hægt er að ná í foreldra á skólatíma barnsins. Ef barn er með greindan alvarlegan sjúkdóm sem getur stefnt heilsu eða lífi þess í bráða hættu er nauðsynlegt að skólaheilsugæsla viti af því. Hér er átt við sjúkdóma eins og t.d. sykursýki, bráðaofnæmi, flogaveiki og blæðingarsjúkdóma.

Lyfjagjafir

Samkvæmt fyrirmælum Landlæknisembættisins eru sérstakar vinnureglur varðandi lyfjagjafir til nemenda á skólatíma. Þar kemur meðal annars fram að skólabörn skulu ekki fá önnur lyf í skólanum en þau sem hafa verið ávísuð af lækni. Í engum tilvikum getur barn borið ábyrgð á lyfjatökunni, ábyrgðin er foreldra. Börn skulu ekki hafa nein lyf undir höndum í skólanum nema í algjörum undantekningartilvikum. Slíkar lyfjagjafir geta t.d. verið insúlín-gjafir sem barnið sér sjálft alfarið um. Foreldrar/forráðamenn þeirra barna sem þurfa að taka lyf á skólatíma skulu hafa samband við skólaheilsugæslu sem skipuleggur lyfjagjafir á skólatíma.

Röskun á skólastarfi vegna óveðurs

Stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins (SHS), skipuð framkvæmdastjórum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, fól SHS að útbúa í samvinnu við fræðslufirvöld allra sveitarfélaganna, reglur fyrir foreldra og skólayfirvöld um röskun á skólastarfi vegna óveðurs.

Umhverfismál

Salaskóli hefur frá upphafi hugað að umhverfismálum og er þátttakandi í Grænfána verkefninu sem er alþjóðlegt umhverfisverkefni skóla. Salaskóli hefur hlotið Grænfánann í fjögur skipti, sem má teljast frábær árangur fyrir skólann og nemendur hans.

Útivist

Nemendur í 1. – 7. bekk fara út í kennsluhléum tvisvar til þrisvar á dag. Ekki eru allir úti á sama tíma og er það gert til að draga úr fjölda nemenda á leikvelli og nýta leiktæki og leikvelli betur. Farið er út í öllum veðrum, nema þeim allra verstu. Nemendur þurfa því að koma klæddir eftir veðri á hverjum einasta degi. Útivistin er hugsuð sem frjáls tími fyrir nemendur, þar sem þeim gefst tækifæri til að leika sér saman, fá holla hreyfingu og fylla lungun af súrefni.

Starfsmenn sem eru í gæslu hverju sinni skipta sér yfirleitt ekki af leikjum barnanna, en grípa að sjálfsögðu inn í þegar þarf og eru til taks fyrir krakkana. Fjöldi starfsmanna í gæslu er mismunandi, en þeir eru frá 5-8 eftir fjölda þeirra nemenda sem eru úti. Auk þess eru nemendur úr 10. bekk sem sinna gæslu og aðstoð við nemendur í morgunfrímínútum. Þeir sem eru í gæslu fara um skólalöðina og fylgjast með því sem er að gerast. Þeir eru klæddir í áberandi vesti þannig að auðvelt er fyrir krakkana að sjá hvar þá er að finna.

Ferðalög

Nemendur í 7. bekk fara í fimm daga ferð í skólabúðirnar að Reykjum 26. – 30. september og safna sjálfir fyrir ferðinni. Nemendur í 9. bekk safna fyrir ferð í skólabúðirnar að Laugum í Sælingsdal sem farin verður 8. - 12. maí 2017. Við stefnum einnig á skíðaferð með 5. – 10. bekk ef nægur snjór verður í Bláfjöllum. Eitthvað verður um styttri ferðir, en þeim verður í hóf stillt.

Gátlistar - Innkaupalistar

Í stað innkaupalista gefum við út gátlista um hvað á að vera í skólatöskunni og pennaveskinu yfir veturinn. Að jafnaði er ekki þörf á að kaupa allt inn sem á þeim stendur fyrir skólabyrjun, heldur má gera það eftir því sem þörf krefur. Við hvetjum foreldra til að nýta ókláraðar stílabækur frá árinu áður. Þá biðjum við foreldra um að fylgjast vel með pennaveskjum og skólatöskum barna sinna og endurnýja ritföng eftir því sem nauðsynlegt er yfir veturinn. Í 1. – 4. bekk eru sameiginleg innkaup á ritföngum fyrir nemendur. Þá borga foreldrar ákveðna upphæð og kennarar sjá um að kaupa ritföngin og varðveita þau í kennslustofunni. Í 5. – 10. bekk eru allir nemendur með spjaldtölvur og nota þær í mörgum tilfellum í stað stílabóka. Þær eru að auki öflugt námstæki og til margra hluta nýtsamlegar.

Gróðursetning

Árlega taka nemendur í 5. bekk að sér gróðursetningu á trjáplöntum í bæjarlandinu. Það verkefni er í samstarfi við Skógræktarfélag Kópavogs.

Fjölgreindaleikar

Fjölgreindaleikar Salaskóla eru einn mikilvægasti viðburður skólaársins. Fyrstu fjölgreindaleikar Salaskóla voru vorið 2003, á öðru starfsári skólans. Það voru kennarar við skólann sem áttu

hugmyndina að leikunum og síðan hafa þeir breiðst út til fjölda skóla á Íslandi. Markmiðið með leikunum er að vinna að góðum skólabrag með því að nemendur á ólíkum aldri vinna saman að lausn verkefna sem reyna á allar greindir mannskepnunnar. Leikarnir eru jafnframt keppni milli hópa í samvinnu og félagsanda. Þar reynir ekki síst á leiðtoga hvers hóps, en það eru nemendur úr elstu bekkjum skólans. Þá daga sem leikarnir standa yfir ríkir einstök gleði í skólanum og til að ýta enn frekar undir hana mætir starfsfólk í furðufötum.

Efnt verður til 13. fjölgreindaleika Salaskóla 5. og 6. október. Allir nemendur taka þátt í leikunum og er þeim skipt í um 40 hópa og í hverjum hópi eru nemendur af öllum skólastigum. Keppnisgreinar eru um 40 og hver hópur keppir í öllum greinum. Keppnisgreinar reyna eins og áður segir á allar greindir og fjölbreytni er afar mikil.

Bekkjarnöfn

Bekkirnir í Salaskóla heita eftir fuglum. Bekkir yngstu krakkanna heita eftir smáfuglum og eftir því sem börnin eldast og þroskast verða fuglarnir stærri. Fuglanöfnin tengja okkur við náttúruna, krakkarnir læra um fuglinn sinn og svo eru fuglar auðvitað tákn um frelsi og sjálfstæði.

Jólahefðir Salaskóla

Jólatré er sett upp á aðventunni í Klettagjá, salnum okkar. Yngri nemendur skreyta tréð með skrauti sem þeir hafa gert sjálfir. Nemendur í 8. bekk hafa búið til og sett upp jólaþorp. Mötuneytið er með hangikjöt og tilheyrandi í síðustu vikunni fyrir jólafrí. Jólabball unglíngadeildar er að kvöldi og daginn eftir eru litlu jólin hjá yngri nemendum.

Val nemenda í 8.-10.bekk

Nemendur í unglíngadeild geta valið sér valgrein sem nemur allt að fjórum kennslustundum á viku. Vetrinum er skipt upp í tvö val tímabil. Foreldrar geta óskað eftir því að börn þeirra fái tómstundastarf utan skólans metið sem valgrein allt að fjórum kennslustundum á viku.

Tómstundir

Dægradvöl og klúbbastarf

Að lokinni kennslu gefst 6 – 9 ára nemendum kostur á gæslu í dægradvöl til kl. 17:00. Þar geta börnin leikið við félagana, verið úti, lesið, unnið í heimanámi, hvílt sig og margt fleira. Á hverjum degi er fjölbreytt hópastarf þar sem lögð er áhersla á leiki, íþróttir, dans, leiklist, tölvunotkun og fleira. Dægradvöl er opin alla daga sem skólinn starfar, hún er opin á skipulagsdögum með tveimur undantekningum en lokuð í vetrarfríum, jólafrí og páskafrí. Foreldrar greiða fyrir dægradvölinu skv. gjaldskrá Kópavogsbæjar. Við bjóðum upp á klúbbastarf fyrir nemendur í 3. og 4. bekk og geta þeir verið í tómstundastarfi eftir að skóla lýkur til kl. 15:00 fjóra daga vikunnar. Umsjónarmaður dægradvalar er Auðbjörg Sigurðardóttir.

Skólakór

Í Salaskóla er starfræktur skólakór undir stjórn Fjólu Kristínar Nikulásdóttur, kórstjóra. Kórinn hefur vaxið og dafnað frá stofnun og kemur opinberlega fram nokkrum sinnum yfir veturinn. Kórinn fer að jafnaði í eina tveggja daga æfingaferð út fyrir bæinn á hverjum vetri.

Tónlistarskólar

Tónlistarskóli Kópavogs, Skólahljómsveit Kópavogs og Tónsalir fá aðstöðu í skólanum til hljóðfærakennslu. Nemendur Salaskóla eiga þess kost að sækja forskóla tónlistarskóla í skólanum og sjá tónlistarkennara Salaskóla um kennsluna. Sú kennsla er í samstarfi við Tónlistarskóla Kópavogs.

Skák

Mikil áhersla er lögð á skákstarf í Salaskóla og státar skólinn af nokkrum öflugustu skákmönnum landsins og reyndar heimsins í sínum aldursflokki. Skáksveit skólans hreppti heimsmeistaratitil sumarið 2007. Auk þess hefur skólinn hampað Íslandsmeistaratitlum og Norðurlandameistaratitli. Skákæfingar eru vikulega. Sigurlaug Regína Friðbjófsdóttir sér um þjálfun.

Félagsstarf nemenda

Félagsstarf nemenda fer rólega af stað og hjá yngri nemendum er það mest á ábyrgð og að frumkvæði foreldra, s.s. bekkjarskemmtanir og vinahópar. Eftir því sem nemendur eldast eykst þörf þeirra fyrir félagsstarf af ýmsu tagi. Við skólann starfar félagsmiðstöðin Föenix og er forstöðumaður hennar Óli Örn Atlason. Þar eru haldin diskótek fyrir nemendur auk þess sem boðið er upp á ýmis konar annað starf fyrir nemendur. Árshátíð unglingadeildar er á vegum félagsmiðstöðvarinnar en í samstarfi við Salaskóla.

Viðbragðsáætlun Salaskóla vegna inflúensufaraldurs

Salaskóli hefur sett sér viðbragðsáætlun um skipulag og stjórn aðgerða í skólanum í samræmi við áætlun Almanna- og almannavarna um viðbrögð við heimsútbreiðslu inflúensu. Markmið áætlunarinnar miða að því að lágmarka áhrif inflúensufaraldurs og afleiðingar hans innan skólans. Eftirfarandi gildir almennt um inflúensufaraldur:

Helstu leiðir til að draga úr smiti:

- Veikist nemandi þannig að einkennin bendi til inflúensu, er honum ráðlagt að halda sig heima í tvo daga eftir að hann er orðinn hitalaus.
- Ekki er þörf á því að aðrir sem eru einkennalausir á heimili sjúklings haldi sig heima
- Hreinlæti skiptir mestu máli í að draga úr smithættu. Þar ber fyrst að nefna handþvott og að fólk hafi á sér einnota pappírspurrkur til að hnerra eða hósta í

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sóttvarnalæknis og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra á www.influenza.is

Rýmingaráætlun

Í Salaskóla er viðurkennt brunaviðvörðunarkerfi sem fylgst er með reglulega. Flóttaleiðir eru tvær eða fleiri. Í hverri stofu skólans við útgöngudyr er nafnalisti með nöfnum nemenda, lýsing á fyrstu viðbrögðum og skóhlífar.

Ef brunaviðvörðunarkerfið fer í gang skal unnið eftir eftirfarandi rýmingaráætlun.

- Fulltrúi í öryggisnefnd fer að stjórnstöflu brunaviðvörðunarkerfis, slekkur á kerfinu og aðgætir hvaðan brunaboðið kemur.
- Kennarar undirbúa rýmingu kennslustofunnar og fara eftir ákveðnum reglum sem er að finna í hverri kennslustofu. Þeir taki með nafnalista og skóhlífar. Ef ekki er um hættu að ræða er það tilkynnt með hringingu í símkerfinu. **Ef brunakerfið fer strax aftur í gang er um eld að ræða og skal skólinn þá strax rýmdur.**
- Skólastjóri eða fulltrúi í öryggisnefnd hafa samband við slökkvilið í síma 112, tilkynna um eld eða gefa skýringar á brunaboðinu. Ritari tekur með sér skráningarbók fjarvista. Starfsfólk rýmir skólann, fer á **söfnunarsvæðið (sparkvöllur)** og myndar röð fyrir framan nemendur.
- Þegar komið er á söfnunarsvæðið hefur hver hópur sitt afmarkaða svæði. Kennarar fara yfir nafnalista og aðgæta hvort allir nemendur hafa komist út. Umsjónarmanni söfnunarsvæðis skal tilkynnt hver staðan er.
- Skólastjóri eða staðgengill hans fer á milli hópa og fær upplýsingar um hve margir nemendur hafa ekki skilað sér með hópnum út og kannar hvar þeir sást síðast.
- Slökkvilið kemur á staðinn, skólastjóri eða staðgengill gefur varðstjóra upplýsingar um hve margir nemendur hafa orðið eftir inni og hugsanlega staðsetningu þeirra.
- Ef veður er vont er farið með nemendur og starfsfólk af söfnunarsvæðinu inn í íþróttahúsið Versali.

Sá aðili sem síðastur er út úr hverri stofu skal loka öllum dyrum á eftir sér til að draga úr reykflæði um bygginguna og hindra útbreiðslu elds eins og hægt er.

Viðbrögð við óveðri

Vísað er á heimasíðu Salaskóla varðandi viðbrögð við óveðri. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins hefur sett fram tilmæli um viðbrögð foreldra og forráðamanna.

Móttökuáætlun

Við leitumst við að taka vel á móti nýjum nemendum og leggjum kapp á að gera fyrstu kynni þeirra af skólanum ánægjuleg. Móttökuáætlun okkar miðast við það og að gefa foreldrum sem gleggstar upplýsingar um skólastarfið strax í upphafi. Foreldrar með annað móðurmál en íslensku og heyrnarlausir foreldrar eiga rétt á túlkþjónustu vegna viðtala sem fylgja innritun í skólann.

Móttaka 1. bekkinga

Salaskóli og leikskólarnir í Salahverfi, Fífusalir og Rjúpnahæð skipuleggja heimsóknir leikskólabarnanna í skólann til að aðlagja þau að Salaskóla. Leikskólabörnin koma í nokkrar heimsóknir veturinn áður en þau byrja í skólanum, hitta nemendur í 1.bekk og taka þátt í ýmsu starfi. Formleg skráning nýnema er í byrjun mars. Nemendur koma með forráðamönnum sínum og skrá sig í skólann. Skráningin fer fram á íbúagátt Kópavogsbæjar

Í byrjun maí koma nýnemarnir í vorskóla í tvo daga eftir hádegi. Þar taka væntanlegir kennarar á móti þeim og eru með þeim í tvær kennslustundir. Fyrri daginn eru foreldrarnir með þeim og eru á kynningu hjá skólastjórnendum á meðan. Seinni daginn eru nýnemarnir eingöngu hjá sínum kennara en foreldrarnir skreppa frá á meðan.

Leikskólarnir í hverfinu fá aðstöðu í skólanum í júní fyrir þau börn sem eru að skipta um skóla og dægradvölin tekur við þeim tveimur vikum fyrir skólasetningu. Þá er tækifærið notað til að aðlagja þau skólalóðinni, starfinu í dægradvöl og skólahúsinu.

Móttaka nemenda sem eru að skipta um skóla

Í maí er tekið á móti öðrum nýnemum sem ætla að hefja nám næsta haust. Þá mæta þeir með foreldrum sínum og ganga um skólann með skólastjórnendum. Þeir fá kynningu á skólanum og fá afhent eftirfarandi gögn liggi þau fyrir:

- Skóladagatal,
- skólareglur,
- gátlisti,
- upplýsingar um mat og drykk
- upplýsingar um gæslu ef um ungan nemanda er að ræða.

Nemendur sem byrja í skólanum þegar skólaárið er hafið er boðið að koma í heimsókn í skólann með foreldrum sínum, ræða við kennarann og skoða skólann. Í viðtalinu er skólastarfið kynnt, gefnar allar nauðsynlega upplýsingar og afhent nauðsynleg gögn sbr. hér að framan. Forráðamenn skrá nemanda í íbúagátt Kópavogsbæjar.

Ef nemendur með íslensku sem móðurmál eru að flytjast erlendis frá er kannað hvernig staða þeirra er í móðurmálinu og þeim tryggð viðbótarkennsla í því eftir þörf.

Umsjónarkennari undirbýr komu þeirra með því að kynna nemendum sem fyrir eru að nýr nemandi sé væntanlegur í bekkinn og skipar einhverja nemendur sem tengilið við nýja nemandann.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku

Foreldrar hafa samband við skólann. Ákveðinn tími fyrir móttökuviðtal þar sem foreldrar og nemandi/nemendur mæta ásamt túlki ef þörf krefur. Skólinn sér um að panta túlk. Reiknað er með 1-2 klst. í viðtalið. Athugað hvort læknisskoðun hafi farið fram. Mælt til þess að foreldrar panti skoðun ef svo er ekki. Foreldrar beðnir að hafa meðferðis heilsufarsupplýsingar

Skólastjórnendur velja bekk fyrir nemandann í og umsjónarkennara er tilkynnt um væntanlegan nemanda, hvaðan hann er og hvenær móttökuviðtal fer fram. Öðrum kennurum sem kenna bekknum tilkynnt um væntanlegan nemanda. Umsjónarkennari undirbýr bekkinn fyrir komu nýs nemanda.